



Fjaraskiptastofa

Ákvörðun nr. 1/2025 Álagning dagsekta á Hringdu ehf.

I.

Krafa Fjaraskiptastofu um afhendingu

(1) Þann 14. október 2024 sendi Fjaraskiptastofa (FST) bréf með tölvupósti til Hringdu ehf. og kallaði eftir tölfraeðiupplýsingum í tengslum við skoðun á skráningu endanotenda í símaskrá. Meðfylgjandi var einnig Excel skjal með spurningarlista sem stofnunin bað fjaraskiptafélagið að svara, með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 75/2021 um Fjaraskiptastofu.

II.

Ítrekanir Fjaraskiptastofu

(2) Þar sem umbeðnar upplýsingar bárust Fjaraskiptastofu ekki innan tilskilins frests var erindi stofnunarinnar ítrekað með tölvupósti, dags. 12. nóvember 2024, og Hringdu veittur viðbótarfrestur til 26. nóvember 2024.

(3) Í kjölfar þess að Fjaraskiptastofu hafi enn ekki fengið svör frá fjaraskiptafélaginu var lokaítrekun send með tölvupósti til Hringdu, dags. 21. janúar 2025. Í þeim tölvupósti kom fram áminning um að Fjaraskiptastofa hefði, á grundvelli 19. gr. laga um Fjaraskiptastofu, heimild til að leggja á og innheimta dagsektir þegar fjaraskiptafyrirtæki veitir ekki þær upplýsingar sem þeim er skylt að afhenda stofnuninni. Hringdu var gefinn lokafrestur til 4. febrúar 2025. Sá frestur er nú liðinn án þess að nokkrar upplýsingar hafi borist Fjaraskiptastofu frá Hringdu.

III. Forsendur og niðurstöður

(4) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um Fjarskiptastofu getur stofnunin kafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipti og önnur lög sem heyra undir stofnunina um allar upplýsingar sem þykja nauðsynlegar við athugun einstakra mála.

(5) Eins og kemur fram hér að ofan hefur Fjarskiptastofa ítrekað kallað eftir umræddum upplýsingum, án árangurs.

(6) Heimild Fjarskiptastofu til að leggja á dagsektir er að finna í ákvæði 19. gr. laga um Fjarskiptastofu. Ákvæðið hljóðar svo:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki, annar lögaðili eða einstaklingur fer ekki að ákvæðum laga þessara, laga um fjarskipti, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda, bindandi fyrirmælum eða einstökum ákvörðunum Fjarskiptastofu eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000–1.000.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir. Með sama hætti eru stjórnvaldssektir sem Fjarskiptastofa ákvarðar samkvæmt lögum um fjarskipti aðfararhæfar.“


(7) Hafi umbeðnar upplýsingar ekki borist fyrir lok dags þann **19. mars nk.** mun Fjarskiptastofa, sbr. heimild í 19. gr. laga um Fjarskiptastofu, leggja á fyrirtækið dagsektir að upphæð 75.000 kr. fyrir hvern dag sem líður án þess að upplýsingarnar séu afhentar. Mun upphaf dagsekta miðast við **20. mars nk.** og verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt. Upplýsingaskil Hringdu ehf. þurfa að vera fullnægjandi, að mati Fjarskiptastofu, til að dagsektum sé aflétt.


Ákvörðunarorð

1. Þann **20. mars 2025** verða lagðar á Hringdu ehf. dagsektir að upphæð kr. **75.000 kr.** fyrir hvern dag sem líður án þess að afhentar séu þær upplýsingar sem óskað var eftir með bréfi Fjarskiptastofu, dags. **14. október 2024**. Verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 19. febrúar 2025


Hrafnkell V. Gíslason


Anna María Reynisdóttir